

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Grýluhraun 1, 3 og 5.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi Farborga í landi Miðengis. Um er að ræða sameiningu þriggja frístundalóða, Grýluhrauns 1, 3 og 5 í tvær lóðir. Samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Miðborgir í landi Miðengis.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi Miðborga í landi Miðengis. Gert er ráð fyrir flóttaleið sem mun liggja frá Djúpahrauni um land Snæfoksstaða að Biskupstungnabraut. Flóttaleiðin verður akfær, um 300 m löng og 3 m breið, og verður eingöngu notuð í neyðartilfellum. Samþykkt í sveitarstjórn 7. júlí 2021.

Deiliskipulag, Arnarbæli 1c, L228405.

Deiliskipulagið tekur til Arnarbælis 1c og felur í sér skilgreiningu á 2.700 fm byggingarreit, þar sem heimilað verður að byggja allt að 200 fm íbúðarhús og 100 fm skemmu/geymslu. Samþykkt í sveitarstjórn 17. febrúar 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Dvergahraun 23, L202168.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Farborga í landi Miðengis, sem felur í sér stækkun á byggingarreit lóðar Dvergahrauns 23 um sem nemur 5 metrum til suðurs. Fjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum verður eftir sem áður 15 metrar. Samþykkt í sveitarstjórn 1. september 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. september 2021.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.